

62. þing Sundsambands Íslands
Efstaleiti 7, Reykjavík
24. og 25. mars 2017

Þingskjal nr: 2017 - 13

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017
samþykkir meðfylgjandi tillögur til breytinga á III. Kafla reglugerða sambandsins. (ath! Breytingar einkenndar með rauðu og yfirstrikunum) Tillöguflytjandi er Sundfélag Hafnarfjarðar.

Landsliðsbúningar og búnaður

1.
SSÍ útvegar öllum sem keppa í landsliðsverkefnum landsliðsföt og sund - útbúnað í samvinnu við styrktaraðila sundmanns. SSÍ er ábyrgt fyrir því að allur útbúnaður uppfylli reglur hlutaðeigandi alþjóðlegra samtaka (FINA, LEN, IOC), með tilliti til merkinga, auglýsinga og hönnunar.

Landsliðsbúningur ætti alltaf að innifela:

Sundhettu

Stuttermabol

Stuttbuxur

Landsliðsbúningar ættu að innifela ef hægt er (eftir styrktar aðilum)

Utanyfirgalla (íþróttagalla)

Tösku/ bakpoka

Mælst væri til fyrir lengri og stærri mót að bæta eftirfarandi við (eftir fjárhag og styrktaraðilum SSÍ).

Föt til upphitunar

Yfirhafnir (úlpur, jakkar)

Compression suits

2.

Hverjum landsliðsmanni er skilt að vera í / nota landsliðsbúning hvenær sem komið er fram sem fulltrúi liðsins (við keppni, upphitun og myndatöku hvort sem er af viðkomandi sem einstaklingi á þessu móti eða á liðsmynd).

3.

Sundbúnaður hvers sundmanns er álitinn tæknilegur búnaður sem er sér aðlagður að þörfum hvers og eins sundmanns með besta mögulega árangur að leiðarljósi.

Til sundbúnaðar teljast ; sundgleraugu, sundhetta og sundföt (sundskýla eða bolur) – Sundmaður ber ábyrgð á því að allir hlutar af sundbúnaði uppfylli reglur viðkomandi móts (með tilliti til merkinga, auglýsinga og hönnunar).

Styrktaraðili sundmannsins má útvega sundbúnað þrátt fyrir að vera mögulega annar en styrktaraðili SSÍ. SSÍ getur þó farið fram á það við hvern sundmann að hylja vörumerki annara styrktaraðila við verðlaunaafhendingar eða liðsmyndatökur.

Ekki er hægt að setja viðlíka reglur um myndatökur rétt fyrir, rétt eftir eða á meðan á keppni/sundi stendur.

4.

Einstaklings sundhettur er leyfðar ef þær uppfylla reglur SSÍ. Samþykki skal fá frá SSÍ fyrir einstaklings sundhettum áður en þær fara í prentun.

5.

Finnist sundmanni á einhvern hátt að einhver hluti af sundútbúnaði vera gallaður eða vera hamlandi í keppni á einhvern hátt eða telur útbúnað vera ólöglegan – skal vekja athygli liðsstjóra/fararstjóra á því um leið og upp koma grunsemdir.

Liðs-/ fararstjóra ber að skoða búnað og kynna sér reglur og taka ákvörðun út frá því um hvort að notast eigi við búnaðinn eða hvort að útvega þurfi nýjan búnað.

Liðs-/fararstjóri upplýsir viðkomandi sundmann um ákvörðun við fyrsta tækifæri með tímaáætlun viðkomandi í huga.

6.

Brot á þessum lögum verða tilkynnt til SSÍ og gæti verið vísað til „Aga- og siðanefndar“. Sundmaður hefur ekki brotið löggin ef SSÍ útvegar ekki neinn sundbúnað eða landsliðsföt.

Greinargerð:

Engin greinargerð fylgir tillögunni